

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar



Fréttabréf 7. tbl. 11. árg. október 2017

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Skólinn okkar 10 ára *Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar*



Íþróttahúsinu Höfn 1.nóvember kl. 17:00 - 18:00

Tónlist, mál, myndir og kökur.

Hvað er hægt að hugsa sér það betra.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

500 kr. á mann - mest 1500 kr. á fjölskyldu.

Við hlökkum til að sjá ykkur

Nemendur og starfsfólk

Erfiðir mánudagar

Í skólanum verður starfsfólk vart við að mánudagar eru öðrum dögum erfiðari fyrir nemendur. Þá er oft á tíðum mikill óróleiki í tímum, árekstrar milli nemenda tíðari og heimsóknir til skólastjóra algengari en á öðrum dögum. Afleiðingin er vanlíðan nemenda sem endist oft á tíðum allan daginn og jafnvel fram á næsta dag. Á sama tíma eru nemendur að læra að vera saman í hóp, vinna saman og skapa eftirminnileg grunnskólaár. Það er vont fyrir lítil hjörtu að lenda í basli og fullorðin hjörtu líka. Því er ráð að skoða hvað það er sem gerir mánudaga erfiðari daga en aðra daga. Það sem við vitum er að;



- Stuttur svefn getur orsakað pirring og stress. Heilinn hjá börnum sem fá ekki nægan svefn virkar ekki eins og hann á að gera, börn meðtaka ekki upplýsingar sem þau fá og læra ekki eins vel.
- Matur hefur áhrif á líðan barna. Börn sem borða of litið af næringarríkum mat verða frekar reið, kvíðin eða spennt (stressuð).
- Of mikið sykurát ýtir undir kvíða og pirring.
- Óreglulegur svefn, óreglulegt mataræði og óregluleg hreyfing hefur áhrif á börn. Sum þola óreglu afar illa.
- Regla og rúttína er grundvallar atriði í uppeldi og einfaldar líf allra, líka um helgar.

Kæru foreldrar. Getur verið að eitthvað af þessu eigi við hjá ykkar barni um helgar og það sé ástæða þess að mánudagar eru erfiðir. Getum við tekið höndum saman og hjálpast að við að gera skólagönguna sem besta, líka á mánudögum?

Fyrstu niðurstöður úr Skólapúlsinum -

Nú eru fyrstu niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins komnar í hús en 1/3 hluti nemenda lauk sínum hluta í september. Skólapúlsinn er hluti af sjálfsmati skólans þar sem nemendur, starfsmenn og foreldrar koma að matinu. Margir þættir Skólapúlsins koma ágætlega út en í fjórum þáttum hefur staðan versnað.

Síðasta vetur var unnið markvisst með einelti í skólanum og náðist umtalsverður árangur en nú er aftur farið að halla undan fæti og einelti hefur heldur aukist. Kennarar hafa sótt námskeið hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur í haust þar sem þeir þjálfast í að vinna með betri samskipti og vonandi mun það skila sér í betri samskiptum í skólanum. Þó skal ítrekað að skólinn getur ekki einn bætt samskipti nemenda, þar verða heimili og aðstandendur einnig að bera ábyrgð.

Trú nemenda á eigin námsgetu hefur hrakað frá því sem var og einnig er alltaf ákveðinn hluti nemenda sem samsama sig ekki við nemendahópinn. Að lokum kvartar of stór hluti nemenda yfir því að ekki sé nægilegur agi í tímum. Starfsmenn skólans hafa þegar skoðað þessar niðurstöður og rætt hvað til bragðs skuli taka. Sumt er hægt að laga strax s.s. agamál en það krefst þess þó að nemendur séu reiðubúnir að laga hlutina en annað tekur lengri tíma.

Í niðurstöðum Skólapúlsins er hægt að rekja suma þætti til ákveðinna árganga og staðan er auðsjáanlega misjöfn í sumum tilfellum. Sem dæmi má nefna að þegar fjallað eru um mataræði nemenda, þá borða 6. og 7.



bekkingar hollari mat en gengur og gerist á landinu en eftir því sem aldurinn færist yfir borða nemendur óhollari mat og 8. 9. og 10. bekkingar borða í heildina töluvert óhollari mat en gengur og gerist á landinu. Á sama tíma hreyfa 9. og 10. bekkingar sig töluvert meira en jafnaldrar þeirra gera að meðaltali, annars staðar á landinu. Í 9. og 10. bekk er líka kvartað töluvert meira yfir agaleysi en í öðrum árgöngum og þá er spurningin hvort óhollt mataræði hafi ef til vill áhrif á hegðun nemenda sbr. greinin hér fyrir framan um erfiða mánudaga?

Annaskil

Miðvikudaginn 15. nóvember er viðtalsdagur í skólanum og markar hann fyrstu annaskil vetrarins. Þá eru allir nemendur boðaðir í viðtal hjá umsjónarkennara með foreldrum sínum. Í kjölfarið taka við tveir skipulagsdagur hjá starfsmönnum þar sem nemendur verða í fríi. Þær fjölskyldur sem vilja nota alla þessa daga og bregða sér af bæ verður boðið að taka viðtalið fyrir.

Ferilmöppur og frammistöðumat

Foreldrar og nemendur í 2. – 10. bekk sem eru með ferilmöppurnar heima eru beðnir um að koma þeim í skólann hið fyrsta.

Miðvikudaginn 8. nóvember verður opnað fyrir frammistöðumat í mentor þar sem nemendur og foreldrar meta hvernig gengur í skólanum. Frammistöðumatið styður við markvissara samtal foreldra, kennara og nemanda og því er mikilvægt að búið sé að fylla það út.

Frammistöðumatið er fyllt út í gegnum aðgang nemanda. Umsjónar-kennarar senda nánari upplýsingar um hvernig frammistöðumatið er fyllt út þegar nær dregur.

Matseðill í nóvember

1. nóv. Steiktur fiskur með smjöri.
2. nóv. Kjötbollur með brúnni sósu.
3. nóv. Súpa brauð og álegg.

6. nóv. Soðinn fiskur með rúgbrauði.
7. nóv. Lasagne með hvítlauksbrauði.
8. nóv. Fiskréttur kokksins.
9. nóv. Kjúklingaleggir með steiktum kartöflum.
10. nóv. Grjónagrautur.

13. nóv. Ofnsteiktur fiskur og kartöflur.
14. nóv. Kjötþúðingur m/mús og bökuðum baunum.
15. nóv. Viðtalsdagur.
16. nóv. Skipulagsdagur, frí hjá nemendum.
17. nóv. Skipulagsdagur, frí hjá nemendum.

20. nóv. Soðinn fiskur með rúgbrauði.
21. nóv. Kjöt í karrý.
22. nóv. Fiskibollur með laukfeiti.
23. nóv. Rjómapasta með skinku og baconi.
24. nóv. Súpa brauð og álegg.

27. nóv. Smjörsteikt Bleikja með kartöflum.
28. nóv. Kjúklingapottréttur með hrisgrjónum.
29. nóv. Ofnbakaður fiskur.
30. nóv. Hamborgari, franskar og sósa.



**Við fengum jörðina ekki í arf frá forfeðrum okkar.
Við erum með hana að láni frá börnunum okkar.**